

Námsgrein: Enska

7. bekkur

Kennari: Harpa Ásgeirsdóttir og Svala Hrund Stefánsdóttir

Tíma fjöldi á viku: 2 klukkustundir.

Námsefni: Til grundvallar kennslu verður bókin Yes we can 7. Þar að auki verða ýmis önnur verkefni unnin sem fléttast inn í námsefni bókarinnar svo sem rafræn verkefni, hópaverkefni, munnlegar æfingar, hlustanir, ritanir, samskiptaæfingar og kynningar. Þar að auki verða lesnar léttlestrarbækur og horft á þætti og kvikmyndir og hlustað á tónlist. Enska málfræðiæfingar verða notaðar sem ítarefni í málfræðikennslu.

Kennsluaðferðir og skipulag: Innlagnir, umræður, einstaklingsvinna, paravinna, vinnubókarvinna, hópavinna, skriflegar æfingar, samræður og hlustun.

Námsmat: Símat. Ýmis fjölbreytt verkefni unnin af nemendum einstaklingslega eða í samvinnu við aðra. Þátttaka og virkni nemenda í kennslustundum. Mat hæfnivíðmiða eru birt á Mentor.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans auðveldar texta, úr bókum, blöðum eða fjölmiðlum.
Sjálfbærni	Nemendur vinni sjálfstætt að ákveðnum verkefnum. Nemendur læri að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og ágreiningsefnum, á lýðræðislegan hátt, bæði með ritun og framsögn.
Heilbrigði og velferð	Að skapaður sé jákvæður skólabragur þar sem markvisst er hugsað um þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum og að nemandi geti unnið út frá sínum styrkleikum með það að markmiði að styrkja sjálfsmyndina
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læri að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafi val um ýmislegt sem að því lýtur s.s. verkefnaval.
Jafnrétti	Með fjölbreyttum kennsluaðferðum sem byggja á samvinnu, hópavinnu og þemavinnu er lögð áhersla á jafnrétti. Nemendur læra að virða skoðanir og sjónarmið hvers annars, hlusta á hvern annan og taka tillit til skoðana hvors annarra.
Sköpun	Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun, s.s. gerð veggspjalda og sögugerð.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Heimstungumál (YWC) Þjálfun í orðaforða um sjálfan sig og aðra. Óreglulegar sagnir.	Enska málfræðiæfingar Yes we can 7 - vinnubók	- Að vekja nemandann til umhugsunar um hvernig tungumálakunnátta nýtist daglega, hvernig þeir eru háðir tungumálum. - Að nemandinn geti notað tungumálið á ýmsan hátt í mismunandi aðstæðum. - Nemendur geti unnið með sagnir í nútíð og þátíð í samhengi við texta.	Orðaforðakannanir. Verkefni. Þátttaka í tímum. Lesskilningsverkefni
Fótbolti um víða veröld (YWC) Sagnasambönd	Enska málfræðiæfingar Yes we can 7 - vinnubók Ljósrit frá kennara	- Að nemandinn geti fjallað um fótbolta um víða veröld. - Að nemandinn þekki muninn á amerískum og evrópskum fótbolta. - Að nemandinn geti skrifað texta með eða á mótí.	
Ferðalag í gegnum Bandaríkin (YWC) Forsetningar Madame Doubtfire	Enska málfræðiæfingar Yes we can 7 – vinnubók Ljósrit frá kennara Mrs. Doubtfire léttlestrarbók Kvikmyndin Mrs Doubtfire	- Að nemandinn geti aflað og flokkað upplýsingar. - Að nemandinn geti frætt aðra um Bandaríkin. - Að nemandinn fylgi söguþræði og geti unnið með efni léttlestrabóka. - Að nemandinn geti notað forsetningar.	
Plánetan okkar Loftslagsmál (YWC) Fleirtöluending nafnorða Billy Elliot	Enska málfræðiæfingar Yes we can 7 - vinnubók	- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. - Að nemandinn geti fjallað um hvað best sé að gera til að vernda umhverfið okkar. - Lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra.	